

## Tjáskiptatöflur og hjálpartæki


Frá einföldum vil/vil ekki til flókinna tafla og nýjustu tækni

Tjáskiptatöflur geta verið mjög einfaldar, með tveimur táknum til að **velja milli tveggja valkosta**.

Viltu vatn eða mjólk að drekka? Getur verið tvær myndir á einu blaði—eða tveir hlutir á borðinu fyrir framan einstaklinginn

Eða **já-nei—meira- hættu**

Gott er að hafa að reglu að já sé í hægri hendi þinni—vinstra megin við hann eða hana sem þú talar við. Sérstaklega ef viðkomandi getur e.t.v. lesið (lestraráttin frá v til h)



**Þetta  
(nafn)**

**Svona  
(nafn)**

Plöstuð spjöld og töflutúss, (t.d. blátt og grænt) til að teikna einfalda mynd—eða setja hlut ofan á, til að velja á milli tveggja valkosta  
 Játandi/neitandi spjöld og valspjöld með tússi geta verið geymd í vasa á stólnum eða annars staðar innan seilingar þar sem val á að fara fram, ásamt klút til að þurrka síðustu mynd út (t.d. örtrefjaklútur) (þurrka fljótt af, annars getur tússið orðið fast)

Þær geta líka verið með mörgum tákmyndum, þar sem hann eða hún velur með bendingu af einhverju tagi.

Töflur er ekki bara hægt að nota til að nefna hluti.

Hvernig líður mér

Hvernig líkar mér

Hvers vegna geri ég ekki

Hvar langar mig að vera

Hvað langar mig til að gera

Hvað vil ég segja

Ekki bara jákvæðu lýsingarorðin. Líka neikvæðu orðin, ljótt—leiðinlegt—reiður—leiður

